Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1651
komudagur 28.3.2012

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Ég hef legið talsvert yfir texta þingsályktunartillögu á málsnr. 636 og hlustað á hluta af 1. umræðu um málið. Því leyfi ég mér að leggja orð í belg og gauka að nefndinni orðalagi spurninga sem mér persónulegra finnst skýrara og rökréttara en það sem fram kemur í fyrirliggjandi tillögu.

Ég geri þetta með tvennu móti:

- Viðauki 1: Annars vegar er sú gerð sem lengra gengur og í formi draga að kjörseðli, þar sem spurningarnar sjást í efnislegu samhengi. Ég er þó ekki að segja að allur þessi texti ætti að vera á kjörseðlinum sjálfum; sumt gæti verið í kynningarefni. Ég geri ekki ráð fyrir að nefndin telji sig geta breytt jafn miklu og hérna kemur fram en vonandi getur nefndin sótt hugmyndir í þennan texta.
- Viðauki 2: Hins vegar er breyting á sjálfri þingsályktunartillögunni og gengur þá skemur. Þar er t.d. aðalspurningunum ekki snúið við, sem ég tel þó æskilegra.

Því miður er ekki tóm til að útlista málið eða útskýra frekar á þeim fáu klukkustundum sem til stefnu eru.

Ég tek ekki afstöðu til þess hvort spurningarnar séu hinar einu og réttu og tek heldur ekki afstöðu til þess hvort þjóðaratkvæðagreiðsla nú sé tímabær eða ekki.

Ég vil taka fram að ég legg þetta fram sem almennur borgari, en það er mér afar hjartfólgið að þjóðin fái góða stjórnarskrá. Þess vegna legg ég mitt fram, ef það megi koma að gagni.

Með ósk og von um farsælt starf nefndarinnar,

München, 28. mars 2012, Þorkell Helgason, kt. 0211424259

Viðauki 1:

Kjörseðill við þjóðaratkvæðagreiðslu þann 30. júní 2012

um tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá og álitamál í tillögunum

Stjórnlagaráð skilaði Alþingi drögum að nýrri stjórnarskrá í frumvarpsformi þann 29. júlí 2011. Að ósk Alþingis benti ráðið að auki á valkosti við nokkur atriði í frumvarpinu á fundi sínum 8.-11. mars 2012.

Vegna frekari framvindu málsins vill Alþingi leita álits kjósenda á nokkrum álitamálum í tillögunum svo og á málinu í heild.

Þess vegna ertu beðin(n) um að svara eftirfarandi spurningum um :

Ertu fylgjandi eftirfarandi ákvæðum, sem eru í frumvarpi stjórnlagaráðs, eða ekki?	**Já**	**Nei**	**Tek ekki afstöðu**
1. Að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu verði lýstar þjóðareign.	☐	☐	☐
2. Að staða þjóðkirkjunnar verði ákveðin í almennum lögum en ekki með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá.	☐	☐	☐
3. Að kjósa getir valið persónur í stað lista í kosningum til Alþingis.	☐	☐	☐
4. Að atkvæði kjósenda alls staðar á landinu skuli vega jafnt.	☐	☐	☐
5. Að hópur kjósenda geti krafist þess að þingmál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.	☐	☐	☐
Ef já við 5. spurningu, hver finnst þér að þurfi að vera lágmarksstærð slíks hóps?	☐ 10% kjósenda, nú um 23 þús. manns ☐ 15% kjósenda, nú um 34 þús. manns ☐ 20% kjósenda, nú um 46 þús. manns		

Til greina kemur að breyta frumvarpi stjórnlagaráðs í samræmi við svör meiri hluta kjósenda við ofangreindum álitamálum. Að auki kann að veðra gripið til sumra þeirra fyrrgreindu valkosta sem stjórnlagaráð hefur bent á. Jafnframt er ráðgert að frumvarpið verði yfirfarið lagalega og lagfært ef þurfa þykir.

Comment [ÞH1]: Gagnlegt að skoða spurningarnar í samhengi við annað á kjörseðlinum.

Comment [ÞH2]: Vísvitandi forðast að nota orðið „stjórnskipunarlög" sem fáir skilja.

Comment [ÞH3]: Þetta er haft til að leggja áherslu á að frv. er í vinnslu og mun væntanlega taka breytingum

Comment [ÞH4]: Þetta verður að vera hæfilega almennt

Comment [ÞH5]: Spyrja verður fyrst um álitamálin, síðan um plaggið í heild. Einmitt hin röðunin hefur þegar fengið (réttmæta) gagnrýni í 1. umræðu (PBl.).

Comment [ÞH6]: Málið snýst um tillögur ráðsins, ekki bara einhverja nýja stjórnarskrá. Slíkt orðlag hefði mátt nota fyrir ári. Einn nefndarmann í SEN (VH) spurði við 1. umr. hví ekki væri beint spurt um tillögur ráðsins. Sjá t.d. líka gagnrýni í niðurlag í frétt RUV sem kom strax: http://ruv.is/frett/innlent/stjornarskrar-og-forsetakosningar.

Comment [ÞH7]: Reyna að hafa samræmdan stíl á öllum spurningunum

Comment [ÞH8]: Nauðsynleg viðbót, sbr. einnig valkost stjórnlagaráðs

Comment [ÞH9]: Þessi spurning verður að vera þannig að tillaga stjórnlagaráðs svari til „Já" eins og allar hinar, sbr. t.d. ummæli eins bloggverja, sem styður stjórnlagaráðstillöguna alfarið.

Comment [ÞH10]: Þetta orðalag er nær tillögu stjórnlagaráðs.

Comment [ÞH11]: Finnst betra að tala um hóp, heldur en hlutfall, sbr. það sem á eftir fer.

Comment [ÞH13]: Fáir muna eftir prósentum úr undirskriftasöfnunum, en frekar eftir fjöldatölum,

Comment [ÞH12]: Það er lágmarksstærðin sem málið snýst um.

Comment [ÞH14]: Það verður að segja að það standi til, ella verður óhjákvæmilega spurt til hvers var þá fundur stjórnlagaráðsins í mars?

Comment [ÞH15]: Tilvísun í alþjóðasamninga í þingsályktuninni hefur valdið þeim misskilningi að hér sé verið að ræða um ESB-aðild.

Comment [ÞH16]: Það verður að vera formáli í þessa veru.

Því ertu beðinn að merkja framan við einn af eftirfarandi valmöguleikum:

Comment [ÞH17]: Álitamálin verða að koma á eftir, annað er órökrétt.

☐ **Já**, ég vil að unnið verði að gerð nýrrar stjórnarskrár **á grundvelli frumvarps stjórnlagaráðs**, hugsanlega þannig breyttu.

Comment [ÞH18]: Orðlagið í þingsályktunartillögunni er bæði of tæknilegt og of nákvæmt. Almenningur áttar sig ekki á því að frv. getur tekið breytingum. Flestir munu á hinn bóginn telja að verið sé að spyrja um stuðning við frv. sjálft.

☐ **Nei**, ég vil **ekki** að tillaga stjórnlagaráðs verði grundvöllur að nýrri stjórnarskrá.

☐ Ég tek **ekki** afstöðu

Viðauki 2: **Ábendingar um lágmarksbreytingar á þingsályktunartillögu (sjá breytingarham)**

Þingskjal 1019 — 636. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og tiltekin álitaefni þeim tengd.

Frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar (VBj, ÁI, RM, JRG, MN, MT).

Alþingi ályktar að tillögur að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem stjórnlagaráð afhenti forseta Alþingis 29. júlí 2011 og álitaefni þeim tengd skuli borin upp í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram samhliða forsetakosningum 30. júní 2012.

Eftirfarandi spurningar verði bornar upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

1. Vilt þú að vinnu við gerð nýrrar stjórnarskrár verði haldið áfram á grundvelli frumvarps stjórnlagaráðs?

   ~~Vilt þú að tillaga stjórnlagaráðs verði lögð fram sem frumvarp að nýrri stjórnarskrá eftir að hún hefur verið yfirfarin með tilliti til laga og alþjóðasamninga?~~

   Merktu í reitinn fyrir framan þann valmöguleika sem þú kýst.

   ☐ **Já,** ég vil að vinnu við gerð nýrrar stjórnarskrár verði haldið áfram á grundvelli frumvarps stjórnlagaráðs.
   ~~Já, ég vil að tillaga stjórnlagaráðs verði lögð fram sem frumvarp að nýrri stjórnarskrá eftir að hún hefur verið yfirfarin með tilliti til laga og alþjóðasamninga.~~

   ☐ **Nei,** ég vil ekki að tillaga stjórnlagaráðs verði grundvöllur að nýrri stjórnarskrá.
   ~~Nei, ég vil ekki að tillaga stjórnlagaráðs verði lögð fram sem frumvarp að nýrri stjórnarskrá~~.

   ☐ Tek ekki afstöðu.

2. Einnig ertu beðin(n) um að svara nokkrum efnislegum spurningum um nýja stjórnarskrá.

Comment [X19]: „Að leggja fram“ mál, skilur almenningur ekki. Fólk telur sig vera að styðja tillögur stjórnlagaráðs eða ekki. Þá hefur komið fram á bloggsíðum að niðurlagið um „alþjóðasamninga“ kunni að vera einhver tilvísun í ESB-aðild, sem það eekki er. Þar sem stendur til að breyta frv. meira, sbr. valkosti stjórnlagaráðs, er hér lagt til almennara orðalag: „á grundvelli“ o.s.frv.

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði	Já	Nei	Tek ekki afstöðu
1. náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, lýstar þjóðareign ?			
2. staða þjóðkirkjunnar ákveðin í almennum lögum en ekki í stjórnarskrá ? ~~ákvæði um þjóðkirkju Íslendinga óbreytt frá því sem nú er ?~~			
3. ákvæði um persónukjör í kosningum til Alþingis ? ~~persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er ?~~			
4. ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt ?			
5. ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu ? *~~E~~ef já, hve hátt finnst þér að þetta hlutfall ætti að vera?*	☐ 10% eða um 23 þús. ☐ 15% eða um 34 þús. ☐ 20% eða um 46 þús.		

Comment [X20]: Spurningarnar eru í raun um það hvort menn vilji þau ákvæði sem stjórnlagaráð hefur sett á oddinn. Það verður að koma fram í allri kynningu. Jafnframt verður að gæta samræmis þannig að „já" þýði í öllum tilvikum stuðning við tillögur ráðsins, en ekki „nei" eins og er í 2. spurningu óbreyttri.

Comment [X21]: Skortur á þessum orðum hefur valdið misskilningi, sbr. einnig valkost stjórnlagaráðs. Þar að auki vantar í spurninguna ákvæðið um gjaldtöku, en er þó hér ekki tekið upp.

Comment [X22]: Sjá næstsíðasta komment.

Comment [X23]: Orðalag þingsál. er veikt. Breytta spurningin er að vísu opin í báða enda en samt ákveðnari. Fullnægjandi spurning yrði of löng.

Comment [X24]: Gagnlegt fyrir kjósendur að hafa upplýsingar um fjölda kjósenda að baki prósentum.